

5
30. jan.

REGLUGERÐ

um framkvæmd tollgæzlu.

1. gr.

Þegar skip eða bátar koma frá öðrum löndum og hafna sig á islenzkum höfnum, og sóttgæzlurannsókn hefir farið fram og samgöngur verið leyfðar samkvæmt þar um gildandi lögum og reglum, skal tollgæzlan annast um afgreiðslu þeirra, eftir því sem ákveðið er í aðflutningsbannlögum, einkasölulögum, tolllögum, öllum þeim, sem í gildi eru, og öðrum lögum og reglum, sem til greina geta komið. Á meðan á afgreiðslu stendur, má enginn hvorki koma á skipstjöl né fara frá borði, nema leyfi tollgæzlumanns komi til, og eigi má skipstjóri heldur nema með samþykki tollgæzlumanns, gefa skipun um eða leyfa að leggja skipinu að hafnarvirkjum, fyrr en tollgæzlumaður hefir lýst því yfir, að afgreiðslu sé lokið.

2. gr.

Tollgæzlumaður skal krefja skipstjóra um skilríki fyrir farmi og farþegum þeim, er skipið flytur, það er, farmskrá yfir farminn og farþegalista yfir farþega, og skulu farþegar einnig undirrita fyrirskipaðar landgönguskýrslur áður en þeir fara úr skipinu. Nú hefir skipið enga farmskrá, eins og t. d. oftast er um fiskiskip, þá skal nota **afgreiðslueyðublað nr. I.**, og útfylla það eftir því sem það segir til og við á. Svo skal og ávallt útfylla þetta eyðublað þegar skip kemur til þess að fá skipun um hvað gera skuli (for order), og undir öðrum kringumstæðum, eftir því sem við á til þess að fá fullkomna vitneskju um skipshöfn, ferðalag skipsins, farm þess og aðrar birgðir af vörum.

3. gr.

Þegar skipstjóri hefir gert fullnægjandi grein fyrir farmi skipsins og farþegum, skal hann gefa tollgæzlumanni skýrslu á afgreiðslueyðublöð þau, er tilgreind eru hér á eftir, um það, hversu miklar birgðir af vörum séu í skipinu, sem ætlaðar séu skipinu sjálfu, skipverjum og farþegum til neyzlu á skipinu:

Á afgreiðslueyðublað A. skal skrá þær vörur, sem munaðarvörutollur hvílir á eða ríkiseinkasala er á og bryti skipsins eða skipstjóri hafa undir sínum höndum, og skal bryti eða skipstjóri undirrita skýrsluna.

Á afgreiðslueyðublað B. skal skrá samskonar vörur og getið var, sem skipshöfn hefir undir höndum, og skal hver skipverji rita nafn sitt við sína vöru-uppgjöf, en skipstjóri undirrita skýrsluna til staðfestu.

Á afgreiðslueyðublað C. skal skrá vörur, sem vörutollur og verðtollur hvílir á og í skipinu eru og ætlaðar skipinu sjálfu, skipverjum og farþegum til neyzlu á skipinu. Einnig skal skrá hér sendingar og því um líkt, sem skipshöfn eða farþegar kynnu að hafa meðferðis. Skýrsluna á þessu eyðublaði skal skipstjóri undirrita.

Að fengnum þessum skýrslum skal tollgæzlumaður telja saman hversu mikið er alls af hverri tegund varanna og taka síðan ákvörðun um, hve mikið megi teljast hæfilegur og leyfilegur forði til farar þeirrar, sem skipið ætlar að fara, og skal í því efni gæta eftirfarandi reglna:

1. Af áfengum drykkjum, sem meira er í en 21% af vínanda að rúmmáli, má ekki láta undan innsigli alls, frá því skipið fær afgreiðslu á fyrstu höfn þangað til það lætur í haf frá síðustu afgreiðsluhöfn hér við land, meira en sem svarar allt að 125 grömmum handa hverjum skipverja til þriggja daga, og sé þá eingöngu miðað við skipverja, sem náð hafa 21 árs aldri. Þó aldrei meira en til 6 daga í einu. Öl, sem hefir inni að halda meira en 2¼% af vínanda að rúmmáli, skal láta allt undir innsigli á fyrstu afgreiðsluhöfn hér við land og má ekkert láta undan innsigli af því meðan skipið er hér við land.
2. Af vínnum, sem ekki er í meira en 21% af vínanda að rúmmáli, má ekki láta undan innsigli, meðan skipið dvelur hér við land, meira en sem svarar allt að 1 lítra handa hverjum skipverja til þriggja daga, og sé þá eingöngu miðað við þá skipverja, sem náð hafa 21 árs aldri. Þó aldrei meira en til 6 daga í einu.
3. Af tóbaki, vindlum og vindlingum má ekki láta undan innsigli, meðan skipið dvelur hér við land, meira en sem svarar allt að 75 grömmum af hverskonar tóbaki, vindlum og vindlingum til samans handa hverjum skipverja til þriggja daga. Handa farþegum má láta undan innsigli til ferðar skipsins hér við land allt að 100 vindla, 100 smávindla og 1000 vindlinga og ekki meira samtals í allri ferðinni.
4. Af öðrum vörum, sem ríkiseinkasala er á, svo sem eldspítum, má ekki láta undan innsigli meira en tollgæzlumaður telur nauðsynlegt til ferðar skipsins hér við land. Af vindlingapappír, ilmvetnum, hárvötnum og andlitsvötnum má venjulega ekki láta neitt undan innsigli, nema sérstaklegar ástæður séu fyrir hendi, og þá sem allra minnst.
5. Af öðrum vörum en þeim, er að framan greinir og upp eru gefnar af bryta skipsins eða skipverjum, skal tollgæzlumaður setja undir innsigli svo mikið að engin hætta sé á, að undanbrögð frá tollgreiðslu eigi sér stað með því að láta vörurnar í land eða í önnur skip.

Allar þær vörur, sem greindar eru í töluliðunum 1.—4. hér á undan, skal tollgæzlumaður setja undir innsigli á fyrstu afgreiðsluhöfn og svo mikið af vörunum, er nefndar eru í tölulið 5., sem hann telur þörf eftir reglum þess töluliðs.

Á afgreiðslueyðublað D. skal tollgæzlumaður svo skrá allar þær vörur, sem hann samkvæmt framanskráðu hefir sett undir innsigli. Ef tollgæzlumaður lætur nokkuð af vörum þeim, er getur í 1.—4. tölulið, undan innsigli á fyrstu afgreiðsluhöfn, skal hann skrá þær vörur á afgreiðsluskjal D. eftir því sem það vísar til. Þegar eitthvað af þessum vörum eða innsigliðum vörum, er getur í 5. tölulið, er látið undan innsigli á síðari afgreiðsluhöfnnum, skal það einnig jafnan skráð á afgreiðsluskjal D., en gæta verður þess ávallt nákvæmlega, að ekki sé

5 látið undan innsigli samtals meira af vörum þessum meðan skipið er hér við land, en það sem heimilt er samkvæmt reglunum í 1.—5. tölulið hér á undan.

Tollgæzlumaður skal gera tvö samrit af afgreiðsluskjali D. og undirrita sjálfur bæði, öðru eintakinu heldur hann, en hitt eintakið skal hann afhenda skipstjóra og skal það fylgja skipsskjölunum og skal sýnt tollgæzlumönnum á þeim stöðum, er skipið kemur á hér við land. Skal tollgæzlan á hverjum stað, er skipið kemur á hér við land, athuga hvort innsiglin eru óhreyfð, og telji hún þess þörf, skal hún telja birgðirnar og rita vottorð sitt á skjalið um það, hvort staðið hafi heima við uppgjöfina. Sé vitaverður munur á því, sem upp er gefið, og því, sem undir innsiglium er, að viðbættu því, sem út hefir verið gefið, skal fara með það mál eftir því sem lög kveða á um.

Nú hefir skipið ekki meðferðis afgreiðsluskjal D. og hefir þó fengið það á fyrstu afgreiðsluhöfn, og fer þá tollgæzlan með það sem aðkomuskip, þ. e. skip, er kemur beint frá útlöndum.

Afgreiðslueyðublöð þau, sem nefnd eru í þessari grein og í 2. gr. hér á undan, lætur fjármálaráðuneytið gera og leggur tollgæzlumönnum þau til.

4. gr.

Tollgæzlunni skal ávallt heimilt að innsigla vistageymslur skipsins og aðra staði í skipinu, eftir því, sem hún telur nauðsynlegt.

Tollgæzlan hefir ávallt heimild til að setja tollvörð í hvert það skip, er hún telur nauðsynlegt að hafa vörð í. Telji tollgæzlan nauðsynlegt, að tollgæzlumenn fari með skipum hafna á milli til eftirlits, skal skipstjóri fyrir skipsins hönd ávallt sjá þeim endurgjaldslaust fyrir fari með skipinu, eftir því sem hæfa þykir fyrir opinbera starfsmenn, sem ferðast í starfserindum.

5. gr.

Einungis þau skip, sem eru í utanlandssiglingum, geta notið hlunninda þeirra, sem talin eru í 3. gr. hér á undan. En til utanlandssiglinga teljist það í þessu tilliti, er skipið eða farið kemur hingað til lands frá öðrum löndum, enda þótt það komi við á einum eða fleiri stöðum á ströndinni þar til það nær ákvörðunarstað. Sé á ákvörðunarstaðnum, þar sem ferð skipsins er lokið, snúið við og teknar vörur eða farþegar eða hvorutveggja, sem skipið á að fara með til erlends ákvörðunarstaðar, skoðast skipið sem verandi í utanlandssiglingum. En taki það á ákvörðunarstaðnum aðeins vörur og farþega til innanlandshafna, þá telst skipið vera í innanlandssiglingum og nýtur þá ekki framangreindra hlunninda, enda ber þá að afhenda það, sem eftir kann að vera óeytt af hinum erlenda forða af þeim vörum, sem ríkiseinkasala er á hér og getur í 1.—4. tölulið 3. gr. hér á undan, til ríkiseinkasölu þeirrar hér, sem í hlut á, ef til kemur fyrir það verð, sem forstjóri þeirrar einkasölu ákveður, eða, ef samkomulag næst við hann um, að skipið eða skipverjar megi halda umræddum forða, þá gegn því, að greiddur sé lögboðinn tollur af forðanum og það gjald að auki, sem einkasölustjórinn ákveður.

Nú er um fiskiskip að ræða og telst þá það fiskiskip vera í utanlandssigl-

ingum, sem að veiði lokinni siglir með afla sinn til erlendra hafna, en þegar skipið hættir þeim veiðum og byrjar veiðar til að leggja afla hér á land eða skipið hættir veiðum um stund, þá telst skipið ekki vera í utanlandssiglingum lengur, og getur frá því ekki orðið aðnjótandi þeirra hlunninda, sem utanlandssiglingar veita í hér um ræddu efni, og fer þá um það, sem eftir kann að vera óeytt af hinum erlenda forða af þeim vörum, sem ríkiseinkasala er á hér og getur í 1.—4. tölul. 3. gr. hér á undan, eins og segir í niðurlagi fyrstu málsg. þessarar greinar.

6. gr.

Nú er að álitu tollgæzlumanns meiri forði gefinn upp af tollvörum og ríkiseinkasöluvörum í skipi, heldur en nokkur þörf er á fyrir skipverja og farþega á skipinu, og ber þá að greiða toll af því, sem umfram er, og eftir atvikum fara eftir ákvæðunum í niðurlagi 1. mgr. 5. gr. hér á undan. Þó er tollgæzlunni heimilt, ef sérstaklega stendur á og engin lögbrot hafa átt sér stað af hálfu skipstjóra og eftir ákveðinni ósk hans, að sleppa honum við þessa tollgreiðslu, gegn því að hann fyrir skipsins hönd greiði tollgæzlunni allan kostnað við vörð þann, er tollgæzlan telur nauðsynlegt að hafa í skipinu til að koma í veg fyrir undanbrögð með vörur þessar.

Sé um vinföng að ræða, skal ávallt vera vörður, er tollgæzlan telur nægilegan, um borð í slíkum skipum og á kostnað skipsins, þangað til skorið er úr um það, hvort slíka vöru eigi að gera upptæka eða á hvern hátt með hana skuli farið.

Skipstjóra ber fyrir skipsins hönd að setja tollgæzlunni fyrirfram fulla trygging fyrir öllum slíkum greiðslum.

7. gr.

Skip og bátar, sem koma frá innanlandshöfnum eða af fiskiveiðum, skulu, ef tollgæzlan álitur þess þörf, háð sömu reglum að því er til tollgæzlu kemur, sem skip þau, er 1. gr. hér á undan ræðir um, og skulu þá tollgæzlumenn, þegar er þeir koma á skipsfjöl, tilkynna skipstjóra, eða þeim, sem þar er í hans stað, að framkvæma eigi eftirlit á sama hátt og með skipum, er koma frá erlendum höfnum.

Einnig skulu ákvæði reglugerðar þessarar gilda, eftir því sem við á, um loffför, flugvélar, flugbáta og önnur flugtæki, er lenda hér á landi, hvort heldur á löggiltri höfn, í landhelgi eða á landi, og má fararstjóri eigi leyfa samgöngur, fyrr en tollgæzlumenn hafa lokið störfum sínum.

Sömuleiðis skulu ákvæði reglugerðar þessarar gilda, eftir því sem við á, er tollgæzlan telur þess þörf að stöðva skip utan hafna en innan landhelgi til tollrannsóknar.

8. gr.

Skipstjóra ber að láta tollgæzlumönnum í té tollskjöl þau og önnur afgreiðsluskjöl, sem skipið hefir fengið á síðustu höfn, er það hefir fengið afgreiðslu á, hvort sem sú höfn hefir verið erlendis eða hér á landi, svo og farmskrár, farmskirteini og önnur skjöl viðvíkjandi farminum. Einnig er skipstjóra skylt að veita tollgæzlumönnum alla þá aðstoð og hjálp, sem þörf er á, til þess

5 að afgreiðslan gangi sem greiðast og án tafa eða tálmana, svo og gefa þeim upp-
30. jan. lýsingar um farmrúm og geymslurúm, farrúm og hásetaklefa skipsins, kjölfesturúm þess og annað, er tollgæzlumönnum er nauðsynlegt að vita vegna starfa sinna í skipinu.

9. gr.

Að afgreiðslu lokinni tekur tollgæzlan í sínar vörzlur, ef þess er talin þörf, þjóðernisskírteini skipsins, tollskírteini, farmskrá eða farmskírteini, ef um farmskip er að ræða, svo og skipshafnarskrána, ef um fiskiskip er að ræða, og önnur skjöl eftir því sem við á. Varðveitir tollgæzlan síðan skjöl þessi. En er skipið hefir lokið erindum sínum og greitt öll lögboðin gjöld, afhendir tollgæzlan skipstjóra þjóðernisskírteinið og ef fiskiskip er, einnig skipshafnarskrána.

10. gr.

Innsigli þau, sem tollgæzlumenn setja fyrir hólf eða herbergi eða iestar skipa, má enginn hreyfa eða rjúfa nema tollgæzlumenn, eða aðrir, er kunna að hafa slíkt vald að lögum, enda beri skipstjóri ábyrgð á því, að þau séu ekki hreyfð eða rofin á meðan að skipið er hér við land, nema af þeim, er til þess hafa vald, enda sæti viðurlögum þeim, er löginn ákveða, ef út af er brugðið.

11. gr.

Til þess að fullvissa sig um, að vörur og annar farangur, sem er með skipi, sé öllu framvísað og rétt frá skýrt fyrir tollgæzlumönnum og að allt sé rétt tilfært á skjölum, sem skip hefir meðferðis af farmi og öðrum flutningi, er tollgæzlumönnum heimilt að leita allsstaðar í skipi og í hirzlum og farangri skipverja og farþega, svo og á skipverjum, farþegum og öðrum mönnum, er tollgæzlumönnum þykir ástæða til að ætla, að leyni á sér vörum eða hlutum, til að skjóta því undan tollgreiðslu, eða sem bannað er að flytja í land. Allt, er fyrirfinnst af tollvörum og bannvörum við slíka rannsókn, ber að skoða sem ólöglega innfluttar eða tollsviknar vörur.

12. gr.

Nú er varðskipi eða varðbát falið, í erindisbréfi foringja eða formanns þeirra, að aðstoða tollgæzluna við tolfleittit með skipum í landhelgi, og hafa þá foringi eða formaður og skipverjar þeirra sömu réttindi í því starfi og tollgæzlumönnum eru veitt í reglugerð þessari.

13. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða refsingu, eftir ákvæðum í 12. kápítula hinna almennu hegningarlaga, er ræðir um brot gegn tollgæzlumönnum í starfi þeirra, og að öðru leyti eins og lög standa til.

14. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. febrúar 1935.

Fjármálaráðuneytið, 30. janúar 1935.

Eysteinn Jónsson.

Torfi Jóhannsson.